

Tilraunaverkefnið „þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“

Lokaskýrsla verkefnisins frá 15. september 2011 til 31. maí 2013

Undirbúningur

Með stofnun Barnahúss árið 1998 hefur Barnaverndarstofa tryggt þjónustu fyrir börn sem sæta kynferðislegu ofbeldi en ekki hefur verið í boði sérhæfður stuðningur við börn sem verða fyrir annars konar ofbeldi. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á afleiðingar heimilisofbeldis fyrir heilsu og þroska barna¹ og því mikilvægt að uppgötva og bregðast við þegar börn verða vitni að heimilisofbeldi eða búa við slíkar aðstæður. Frá árinu 2008 hefur Barnaverndarstofa haft til athugunar málefni þessara barna og leitað leiða til að bæta þjónustu við þau. Því var óskað eftir því við barnaverndarnefndir að skrá sérstaklega fjölda tilkynninga er vörðuðu heimilisofbeldi og liggja fyrir tölulegar upplýsingar frá byrjun árs 2009. Rannsóknir benda til þess að yfirleitt sé engin formleg áfallahjálp í boði fyrir þessi börn né heldur áframhaldandi aðstoð, líkt og niðurstöður rannsóknar sem gerð var meðal kvennaathvarfa í Noregi² og niðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknar meðal starfsfólks, kvenna og barna í Kvennaathvarfinu sýna.³ Einnig benda rannsóknir til þess að í þeim tilvikum þegar lögregla hefur afskipti af heimilisofbeldi fái börn oft ekki hlutdeild í þeirri þjónustu sem veitt er á staðnum.⁴ Tölulegar upplýsingar hér á landi bentu til þess að lögregla hafði sjaldan samband við starfsfólk barnaverndarnefnda á bakvakt þegar farið var í útköll vegna heimilisofbeldis⁵ og því virtist aðkoma þeirra að þessum málum takmörkuð.

Til að meta stöðuna hér á landi setti Barnaverndarstofa af stað vinnuhóp með það að markmiði að endurskoða vinnulag vegna heimilisofbeldis og kanna möguleika á samstarfi þessara aðila í því skyni að vinna að úrbótum í þessum málaflokki. Hópurinn tók til starfa í desember 2010 en hann var skipaður fulltrúum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Barnaverndar Reykjavíkur, fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd og Barnaverndarstofu. Þessi vinna sýndi fram á þörf á breyttu vinnulagi varðandi aðkomu starfsfólks barnaverndar og lögreglu að heimilisofbeldi þar sem börn eru á staðnum. Í febrúar 2011 var yfirmönnum barnaverndarstarfs á höfuðborgarsvæðinu sent bréf til að kanna áhuga á því að koma af stað tilraunaverkefni til að bæta þjónustu við börn sem búa við heimilisofbeldi. Í maí 2011 var boðað til fundar til að ræða nánari útfærslu verkefnisins og var ákveðið að skipa undirbúningshóp til að koma verkefninu í framkvæmd. Hópurinn skipuðu fulltrúar

¹ Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum. Orsakir – Afleiðingar - Úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

² Overline, C. (2010). Abused women with children or children of abused women? A study of conflicting perspectives at women's refuges in Norway, *Child and Family Social Work*, June 2010.

³ Bergdís Ýr Guðmundsdóttir. (2012). Dvöl barna í Kvennaathvarfinu. Starfsemi Kvennaathvarfsins með tilliti til barna, upplifun barna á dvöl sinni og óskir mæðra um þjónustu þeim til handa. Óbirt MA ritgerð sótt 13. desember 2013 af <http://skemman.is/item/view/1946/10388>

⁴ Stanley, N, Miller, P, Richardson, H, Thomson F&G, Britain. (2010). Children and families experiencing domestic violence: Police and children's social services' responses, www.nspcc.org.uk/inform

sjá einnig Overline, C. (2010). Abused women with children or children of abused women? A study of conflicting perspectives at women's refuges in Norway, *Child and Family Social Work*, 2010

⁵ Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010). *Heimilisofbeldi. Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn og Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu. Sótt 3. desember 2013 af <http://logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi%202006%20og%202007.pdf>

barnaverndarnefnda Reykjavíkur, Kópavogs og Álftaness auk Barnaverndarstofu. Hópurinn skoðaði m.a. tölulegar upplýsingar um fjölda heimilisofbeldismála hjá lögreglu þar sem börn komu við sögu og bentu þær til þess að um væri að ræða fjögur útköll á viku á landinu öllu. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum bárust 378 tilkynningar um heimilisofbeldi til þeirra árið 2010 frá ýmsum aðilum.⁶ Niðurstaða undirbúningshópsins var að leggja til að ráðinn yrði sérfræðingur til að sinna börnum í útköllum vegna heimilisofbeldis og meðferð í kjölfarið eftir þörfum. Þessi sérfræðingur var hugsaður sem viðbót við hefðbundna vinnu bakvaktar barnaverndarnefnda sem einnig áttu að vera kallaðar til í þessum málum.

Samstarfsaðilar

Tilraunaverkefnið „Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“ fór af stað þann 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013. Upphaflega var ætlunin að tilraunaverkefnið stæði yfir í hálf tveggja ár en það var framlengt að þeim tíma loknum þar sem sýnt var að mikil þörf var á þjónustunni. Barnaverndarstofa hafði umsjón með verkefninu en samstarfsaðilar voru barnaverndarnefndir Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Álftaness, Garðabæjar, Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar ásamt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fenginn var sérfræðingur í áfallavinnu með börnum til að sinna þjónustunni og var undirrituð, Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi MSW ráðin sem verktaki hjá Barnaverndarstofu. Hún starfaði samkvæmt umboði viðkomandi barnaverndarnefnda með vísan í 6. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga nr.80/2002.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að veita sérhæfða þjónustu við börn sem búa við þær aðstæður að ofbeldi hefur átt sér stað á heimili þeirra. Verkefninu var ætlað að leiða í ljós líðan og sjónarmið barnanna í því skyni að treysta öryggi þeirra og velferð.

Markhópur

Börn í umdæmi ofangreindra nefnda, sem urðu vitni að ofbeldi á heimilum sínum og lögregla var kölluð á staðinn. Tilraunaverkefnið náði til barna 17 ára og yngri.

Framkvæmd verkefnisins

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kallaði út sérfræðing Barnaverndarstofu í þeim tilvikum sem lögregla fór í útkall vegna heimilisofbeldis og börn voru á staðnum. Á virkum dögum var það gert frá kl. 16:00 til kl. 8:00 að morgni næsta dags, en allan sólarhringinn um helgar.

Hlutverk sérfræðings Barnaverndarstofu var að:

- Ræða við börnin og kanna líðan þeirra, upplifun og viðhorf til þeirrar atburðarásar sem leiddi til lögregluafskipta. Í þeim tilvikum sem barn var of ungt til að tjá sig var einungis rætt við foreldra og þeim boðin ráðgjöf og stuðningur.

⁶Barnaverndarstofa (2012). Ársskýrsla 2008-2011. Hluti II. Sótt 1. desember 2013 af <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur>

- Leggja mat á þörf barnanna fyrir áfallahjálþ og veita þeim meðferðarviðtöl eins fljótt og við varð komið.
- Vinna greinargerð um hvert barn sem þjónustan tók til og senda hana viðkomandi barnaverndarnefnd.
- Halda utan um tölulegar upplýsingar í samvinnu við Barnaverndarstofu.


Mál barnanna voru unnin sem hluti af þjónustu barnaverndar og gerði sérfræðingurinn áætlun um meðferðarþörf barnanna og kynnti hana viðkomandi barnaverndarnefnd og forsjáraðilum barns. Starfsfólk barnaverndarnefnda sem tóku þátt í verkefninu gat vísað börnum í greiningu og meðferð hjá sérfræðingnum þó hann hafi ekki komið á heimilið í kjölfar lögregluafskipta. Meðferðarviðtölin fóru fram í húsnaði samtakanna Drekaflóðar eða eftir samkomulagi ef annar staður hentaði barninu betur.

Reynslan af nýjum starfsaðferðum

Verkefnið fór hægt af stað en beiðnir frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fóru ekki að berast fyrir en í október 2011. Samstarfið við lögregluna gekk vel og í flestum tilvikum kom útkallsbeiðni frá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra. Sérfræðingur Barnaverndarstofu kallaði síðan til starfsfólk bakvakta barnaverndar sem kom einnig á staðinn í flestum tilvikum. Á tímabilinu var skipulögð bakvakt hjá Barnavernd Reykjavíkur og barnaverndarnefnd Kópavogs en ekki eftir miðnætti hjá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar og engin skipulögð bakvakt var hjá nefndunum í Mosfellsbæ, Garðabæ og á Seltjarnarnesi. Með þessu fyrirkomulagi náðist eitt af aðalmarkmiðum verkefnisins, þ.e. að ræða við börnin og kanna líðan þeirra og upplifun á ofbeldinu. Á meðan starfsfólk bakvaktar barnaverndar ræddi við foreldra talaði sérfræðingur Barnaverndarstofu við börnin.

Við þessar aðstæður skapast einstakt tækifæri til að ná tengslum við börn og foreldra. Því er mikilvægt að starfsfólk barnaverndar mæti á staðinn svo hægt sé að bjóða upp á aðstoð áður en vítahringur ofbeldis tekur við. Vítahringur ofbeldis er hægt að lýsa á eftirfarandi hátt: *Ef ofbeldi á sér stað á heimilinu þá kemur oft í kjölfarið tímabil þar sem mikil geðshræring og eftirsjá ríkir og allir reyna að bæta fyrir það slæma sem hefur komið fyrir. Misjafnt getur verið hvað þetta tímabil stendur lengi yfir áður en spennan fer að byggjast upp aftur á heimilinu. Þessi spennan getur komið fram í andlegu ofbeldi í formi mikils eftirlits, óeðlilegrar afbrýðissemi og niðurlægjandi orðaskipta. Þetta endar oftast með hótunum og með því að ofbeldið endurtekur sig⁷. Þannig skiptir tímasetning þessa inngrips miklu máli fyrir fjölskyldur þar sem ofbeldi hefur átt sér stað og eykur líkurnar á því að foreldrar samþykki aðstoð fyrir sig og börn sín. Mynd 1 sýnir hring ofbeldis sem lýsir þeirri spennu sem er á heimilum þar sem ofbeldi viðgengst.*

⁷ Walker, L. (1979). *The battered woman*. New York: Harper and Row Publishers Inc.



Mynd 1. Hringur ofbeldis⁸.

Þótt hvert tilvik og hver fjölskylda sé einstök þá er samt oft hægt að sjá hring ofbeldis endurtaka sig að fullu eða að hluta. Þannig er mikilvægt að koma sjónarmiði barna að og benda á þeirra líðan í þessum aðstæðum, áður en gerandi fer að gera lítið úr ofbeldinu og tími sáttar og eftirsjár tekur við.

Tölulegar upplýsingar um verkefnið.

Eins og fram hefur komið stóð verkefnið yfir frá 15. september 2011 til 31. maí 2013. Tafla 1 sýnir fjölda barna sem fengu þjónustu en flest voru þau á árinu 2012 enda var þjónustan einungis í boði hluta árána 2011 og 2013.

Tafla 1 Fjöldi barna sem fengu þjónustu 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Heildarfjöldi	%
Vegna útkalla	38	115	63	216	73,0
Vegna tilvísana	14	40	26	80	27,0
Samtals börn	52	155	89	296	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

⁸ Walker, L. (1979). *The battered woman*. New York: Harper and Row Publishers Inc.

Heildarfjöldi barna á tímabilinu var 296 og voru flest þeirra, eða 216 tilkomin vegna aðkomu sérfræðings að málum þeirra í tengslum við útköll lögreglu á heimilið. Lögreglan kynnti verklagið fyrir foreldrum og lét þá vita að sérfræðingur Barnaverndarstofu kæmi og ræddi við börnin og að málið yrði tilkynnt til viðkomandi barnaverndarnefndar. Að mati undirritaðrar skiptu þessi vinnubrögð miklu máli og voru foreldrar og börn tilbúin að ræða við sérfræðinginn þegar hann kom á staðinn. Auk þeirra 216 barna sem sérfræðingur Barnaverndarstofu kom að vegna útkalla var málum 80 barna vísað til hans af starfsfólki barnaverndarnefnda en þetta voru mál sem komu til barnaverndar ýmist vegna tilkynninga frá slysadeild Landspítala, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða fólk hafði leitað sjálft til nefndanna eftir að hafa upplifað ofbeldi. Þess ber að geta að lögreglan kallaði ekki til sérfræðing Barnaverndarstofu í öllum þeim málum sem farið var í útkall þar sem börn voru skráð á heimili. Stundum voru börnin ekki heima eða aðstæður þannig að lögreglu gafst ekki tími til að kalla til sérfræðinginn eða starfsmann bakvaktar barnaverndarnefndar. Þessi mál heyrðu þó til undantekninga á tímabilinu og kom sérfræðingur Barnaverndarstofu að flestum málum þar sem lögregla fór í útköll vegna ofbeldis á heimilum og börn voru á staðnum.

Alls voru það 146 skipti sem lögregla hafði samband við sérfræðing Barnaverndarstofu. Útköll á tímabilinu voru 113 þar sem sérfræðingurinn kom á staðinn, auk þess sem ráðgjöf var veitt í 33 skipti í gegnum síma sbr. töflu 2.

Tafla 2 Heildarfjöldi beiðna frá lögreglu 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Heildarfjöldi
Útköll	21	59	24	113
Símtöl án útkalls	2	14	17	33
Samtals	23	82	41	146

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Ekki var mikið um endurtekin útköll á sama heimilið þó það hafi komið fyrir í nokkur skipti. Eins og fram kemur í töflu 1 hér á undan var fjöldi barna að baki þessum útköllum sem stendur á bak við þessi útköll 216 og var 71 barni veitt meðferð í kjölfarið eða 32,9%. Samtals 80 börnum var vísað í tilraunaverkefnið til greiningar og meðferðar og fengu 49 börn viðtöl í kjölfarið eða 61,2%. Tafla 3 sýnir fjölda barna sem fengu þjónustu sérfræðingsins þar sem unnið var með afleiðingar ofbeldisins í meðferðarviðtölum.

Tafla 3 Fjöldi barna í meðferð

	Fjöldi	%
Vegna útkalls	71	59,2
Vegna tilvísunar	49	40,8
Samtals	120	100,0

Alls fóru 120 börn í meðferð í framhaldi af útkalli á heimilið eða vegna tilvísunar frá starfsfólki barnaverndarnefnda. Reynt var að hafa fyrsta meðferðarviðtal fljótlega eftir útkall og komu börnin síðan í regluleg viðtöl í kjölfarið eftir þörfum hvers og eins. Í þeim tilvikum sem ekki var talin þörf á meðferðarviðtölum í kjölfar útkalls var oft um ungan aldur barns að

ræða eða börnin þegar í meðferð annars staðar. Í málum barna þar sem sérfræðingur Barnaverndarstofu mat ekki þörf á meðferð var það sökum eðli máls, aðstæðna og viðbragða við atvikinu. Starfsfólki barnaverndarnefnda gafst einnig kostur á að vísa börnum í greiningu og meðferð til sérfræðingsins ef um eldri mál var að ræða eða ef málin komu til meðferðar hjá nefndunum án þess að um lögregluafskipti hafi verið að ræða. Þáðu 49 börn meðferð eftir að starfsfólk barnaverndar hafði vísað málum þeirra til sérfræðingsins. Í þessum tilvikum var um að ræða börn sem höfðu orðið vitni að ofbeldi á heimili sínu á milli foreldra eða annarra sem tengdust börnunum eins og systkinum. Í nokkrum tilvikum var um að ræða börn sem höfðu orðið vitni að ofbeldi í tengslum við forsjárdeilu foreldra. Í þessum hópi voru líka börn sem höfðu sætt ofbeldi af völdum foreldra. Eins og fram kom hér að framan vísaði starfsfólk barnaverndarnefnda alls 80 börnum í meðferð án aðkomu lögreglu (sbr töflu 1) en foreldrar 49 þeirra nýttu sér tilboð um meðferð fyrir börn sín. Foreldrar gáfu oft þá skýringu að þeir teldu ekki lengur þörf á þjónustu þegar þeim var boðið að koma með börnin í meðferð. Þetta er athyglisvert í samanburði við foreldra sem var boðin meðferð fyrir börnin sín í útkalli en þar neitaði enginn þjónustu fyrir barn sitt nema ef barnið var þegar í öðru meðferðarúrræði.

Í meðferð barnanna sem höfðu orðið vitni að heimilisofbeldi var lögð áhersla á að meta áhrif áfallsins út frá viðmiðum áfallastreitu. Það var kannað hvort börnin hefðu óttast um eigið líf eða líf sinna nánustu. Kannað var hvort um endurtekin tilvik var að ræða og hvernig brugðist hafði verið við þeim. Fylgt var aðferðum áfallamiðaðrar hugrænnar atferlismeðferðar þar sem unnið var með þær hugsanir og tilfinningar sem tengjast ofbeldinu. Jafnframt fór fram fræðsla um eðli ofbeldis, ábyrgð og úrlausnir.

Það sem einkum getur haft áhrif á viðbrögð barna og afleiðingar þess að verða vitni að ofbeldi er tíðni þess þ.e.a.s. hvort um endurtekin atvik er að ræða og svo alvarleiki ofbeldisins á heimilinu. Það getur verið erfiðara fyrir barn að horfa upp á foreldra eða þá sem standa því næst verða fyrir ofbeldi, fremur en einhverja ótengda barninu. Ung börn geta skynjað ofbeldi og koma einkenni þess þá oft fram í óværd, svefnerfiðleikum og öryggisleysi. Ofbeldi getur einnig haft áhrif á fóstur þar sem streituhormón myndast sem geta haft áhrif á þroska og truflað eðlilegan vöxt barna í móðurkviði⁹.

Í töflu 4 má sjá fjölda barna sem höfðu orðið vitni að heimilisofbeldi skipt eftir kyni. Ekki var kynjamunur varðandi fjölda barna sem höfðu orðið vitni að heimilisofbeldi.

⁹ Neggers, Y., Goldenberg, R., Cliver, S. and Hauth, J. (2004), Effects of domestic violence on preterm birth and low birth weight. *Acta Obstetrica et Gynecologica Scandinavica*, 83: 455–460. doi: 10.1111/j.0001-6349.2004.00458.x

Tafla 4 Fjöldi barna skipt eftir kyni 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Heildarfjöldi	%
Drengir	26	80	41	147	49,7
Stúlkur	26	75	48	149	50,3
Samtals	52	155	89	296	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Tafla 5 sýnir aldursskiptingu þeirra barna sem sérfræðingurinn sinnti. Ef börn voru undir fjögurra ára aldri var foreldrum boðið upp á viðtöl og fræðslu um áhrif ofbeldis á börn.

Tafla 5 Aldur barna 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Heildarfjöldi	%
0-5 ára	16	61	35	112	37,8
6-10 ára	15	47	20	82	27,7
11-14 ára	13	25	17	55	18,6
15-17 ára	8	22	17	47	15,9
Samtals	52	155	89	296	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Hlutfallslega ungur aldur barnanna undirstrikar mikilvægi þess að brugðist verði við þegar vandamál á borð við ofbeldi á milli foreldra kemur upp í fjölskyldum.

Barnaverndarnefndir á höfuðborgarsvæðinu voru samstarfsaðilar Barnaverndarstofu í tilraunaverkefninu. Í töflu 6 má sjá fjölda barna sem fengu þjónustu skipt eftir barnaverndarnefndum.

Tafla 6 Fjöldi barna eftir barnaverndarnefndum 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Heildarfjöldi	%
Barnavernd Reykjavíkur	28	87	52	167	56,4
Barnavernd Kópavogs	12	30	15	57	19,3
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	5	23	16	44	14,9
Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar	3	4	2	9	3,0
Fjölskylduráð Garðabær/Álftanes	1	10	1	12	4,1
Félagsmálaráð Seltjarnarness	1	1	1	3	1,0
Félagsmálaráð Grindavíkur	1	0	0	1	0,3
Barnavernd Fljótsdalshéraðs	1	0	0	1	0,3
Barnavernd Árborgar	0	0	2	2	0,7
Samtals	52	155	89	296	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Tilraunaverkefnið varð til þess að aukið samstarf komst á hjá lögreglu og starfsfólki barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu þegar kom að þjónustu við börn sem urðu vitni að heimilisofbeldi. Þær nefndir sem höfðu starfsfólk á bakvakt voru Reykjavík og Kópavogur og

för starfsfólk þeirra með sérfræðingi Barnaverndarstofu í útköll ef þess var kostur. Í fjórum tilvikum kom það upp að börn frá öðrum barnaverndarnefndum komu við sögu og var málum þeirra þá sinnt og upplýsingum komið til starfsfólks viðkomandi nefnda við fyrsta tækifæri. Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar hafði bakvakt sem starfaði til miðnættis á meðan tilraunaverkefnið var í gangi en hefur nú starfandi bakvakt að fullu eftir að verkefninu lauk. Þá varð einnig sú breyting um áramótin 2012 og 2013 að barnaverndarnefndir Garðabæjar og Álftaness sameinuðust.

Eins og tafla 7 sýnir voru 204 barnanna íslensk en 92 börn af erlendum uppruna. Ef kunnátta í íslensku var ekki til staðar hjá foreldrum eða börnum var óskað eftir aðstoð túlks.

Tafla 7 Þjóðerni barna sem verkefnið náði til 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Heildarfjöldi	%
Íslenskt	35	102	67	204	68,9
Erlent¹⁰	17	53	22	92	31,1
Samtals	52	155	89	296	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Börn af erlendum uppruna eru hér 31.1% af heildarfjölda en samkvæmt ársskýrslu Barnaverndarstofu kemur þessi hópur við sögu í um 13% mála hjá barnaverndarnefndum á öllu landinu á árunum 2010 og 2011¹¹. Þetta gefur til kynna að börn af erlendum uppruna séu í sérstakri áhættu þegar kemur að ofbeldi.

Eins og fram kemur í töflu 8 voru flest útköll seint að kvöldi eða að næturlagi. Góð samvinna tókst við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í kringum þessi mál. Lögreglan gaf sérfræðingi Barnaverndarstofu tíma til að ræða við börnin og yfirgaf ekki vettvang fyrir en öryggi allra var tryggt.

Tafla 8 Tímasetningar beiðna frá lögreglu 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Samtals	%
08:00 -19:00	5	24	10	39	26,7
19:00-24:00	9	34	15	58	39,7
24:00-08:00	9	24	16	49	33,6
Samtals	23	82	41	146	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

¹⁰ Átt er við börn sem eiga a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna eða annað fyrsta móðurmál en íslensku, sjá. Barnaverndarstofa. (2012). *Ársskýrsla 2008-2011. Hluti II*. Sótt 1. desember 2013 af <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur>.

¹¹ Barnaverndarstofa. (2012). *Ársskýrsla 2008-2011. Hluti II*. Sótt 1. desember 2013 af <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur>.

Tafla 9 sýnir hver það var sem beitti ofbeldi á heimili en í meirihluta tilvika var um að ræða eiginmenn/sambýlismenn sem beittu konur ofbeldi.

Tafla 9 Hver beitti ofbeldi 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Samtals	%
Eiginmaður/sambýlismaður beitir móður ofbeldi	11	46	17	74	50,7
Fyrrverandi eiginmaður/sambýlismaður eða ótengdur aðili beitir móður ofbeldi	5	19	7	31	21,2
Foreldri beitir barn ofbeldi	1	4	3	8	5,5
Barn (getur verið 18+) beitir foreldri ofbeldi	3	5	7	15	10,3
Eiginkona/sambýliskona beitir föður ofbeldi	0	1	0	1	0,7
Á ekki við	3	7	7	17	11,6
Samtals	23	82	41	146	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Í þeim tilfellum sem börn beittu foreldra sína ofbeldi er oftast um að ræða eldri einstaklinga en 18 ára. Það getur haft jafn alvarlegar afleiðingar fyrir börn að verða vitni að þessari tegund ofbeldis eins og á milli foreldra. Í flokknum *á ekki við* var um ofbeldi að ræða á milli systkina eða aðila ótengda börnunum sem átti sér stað á heimili barnanna. Algengt var að um andlegt ofbeldi væri að ræða samhliða líkamlegu ofbeldi og oft hafði mikil eyðilegging átt sér stað á heimilinu. Aðeins var um endurtekin útköll á sama heimili að ræða á árinu 2012 en eins og áður hefur komið fram þá voru það fá heimili. Það er mat undirritaðrar að aðkoma lögreglu og fagaðila á vettvang ofbeldis hafi mikið forvarnargildi þar sem foreldrar voru hvattir til að styðja við börnin og þeim bent á afleiðingar ofbeldis fyrir þau. Í einu máli þurfti að fá nálgunarbann á gerandann og í tveimur málum hlaut gerandinn fangelsisdóm fyrir líkamsárás. Það vakti athygli hversu fáar kærur voru lagðar fram í þessum málum sem undirstrikar hvað eðli þessara mála er flókið og viðkvæmt. Mikilvægi verkefnis eins og „Karlar til ábyrgðar“ skiptir því miklu máli þar sem fjölskyldur geta fengið aðstoð við að vinna með vandann. Í yfir helmingi mála eða 56% þeirra var gerandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna samkvæmt mati lögreglu sbr. töflu 10. Ofbeldið tengdist þannig oft vandamálum vegna áfengis- og vímuefnanotkunar sem gerir málin flókin og aðstæður erfiðar.

Tafla 10 Ástand þess aðila sem beitti ofbeldi 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Samtals	%
Undir áhrifum áfengis/vímuefna	15	41	26	82	56,2
Ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna	8	27	10	45	30,8
Ekki vitað	0	14	5	19	13,0
Samtals	23	82	41	146	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Í töflu 11 má sjá til hvaða aðgerða er gripið til að tryggja öryggi á heimili.

Tafla 11 Aðgerðir í útköllum 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Samtals	%
Gerandi fjarlægður af lögreglu	9	26	18	53	36,3
Gerandi fer sjálfviljugur	4	10	8	22	15,1
Lögregla og barnaverndarnefnd sætta aðila	9	41	12	62	42,5
Polandi fer af heimilinu	1	5	3	9	6,1
Samtals	23	82	41	146	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Það er mat undirritaðrar að lögreglan hafi brugðist fljótt og örugglega við í þessum málum. Ef lögreglan var búin að fjarlægja geranda þegar sérfræðingur Barnaverndarstofu kom á staðinn var lögregla áfram til staðar ef á þurfti að halda. Í nokkrum tilvikum hafði gerandi farið sjálfur af heimilinu. En oft var hægt að miðla málum og ná fram viðunandi ró þar sem hagsmunir barnanna voru hafðir að leiðarljósi. Í nokkrum málum tókst lögreglu að sannfæra geranda um að fara í áfengismeðferð eftir dvöl sína í fangaklefa.

Í töflu 12 kemur fram hverjir það voru sem hringdu í 112 og tilkynntu um heimilisofbeldi.

Tafla 12 Tilkynnandi 2011, 2012 og 2013*

	2011	2012	2013	Samtals	%
Polandi	11	45	25	81	55,5
Gerandi	1	8	2	11	7,5
Barn	6	11	5	22	15,0
Nágrannar	3	13	7	23	15,8
Ekki vitað	2	5	2	9	6,2
Samtals	23	82	41	146	100,0

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Í um helmingi tilfella voru það þolendur sjálfir sem báðu um aðstoð, en nágrannar og börn koma þar næst á eftir. Í flestum þeim tilvikum þar sem börn hringdu í Neyðarlínuna 112 var það vegna þess að þau höfðu dregist inn í ofbeldið á heimilinu og voru þá oftast að reyna að koma móður til hjálpar. Það getur verið átakanlegt fyrir börn að þurfa að hringja í 112 til þess að fá hjálp þegar þau verða vitni að ofbeldi á heimili sínu en algengasti ótti barna í þessum aðstæðum er um líf foreldra sinna og hvað gerist í framhaldinu.

Tafla 13 sýnir nokkuð jafnan fjölda barna eftir mánuðum en þó skar nóvember 2011 sig úr þar sem mun fleiri börn komu við sögu. Skýringin getur verið sú að á þessum tíma var verkefnið orðið vel þekkt bæði innan barnaverndar og hjá lögreglu. Í ágúst 2012 var annar aðili sem sinni starfinu þar sem undirrituð var í fríi.

Tafla 13 Fjöldi barna sem fengu þjónustu á tíma verkefnisins 2011, 2012 og 2013*

Mánuðir	2011	2012	2013
Janúar		16	24
Febrúar		18	22
Mars		7	11
Apríl		16	14
Mái		15	18
Júní		19	
Júlí		14	
Ágúst		0	
September	5	16	
Október	6	8	
Nóvember	26	17	
Desember	15	9	
Samtals	52	155	89

*Verkefnið hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013

Samantekt

Tilraunaverkefni Barnaverndarstofu „þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“ var tilraun til að innleiða nýja nálgun og vinnubrögð í málefnum barna sem hafa orðið vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Eins og fram hefur komið bentu rannsóknir til þess að börn nyttu ekki sömu þjónustu og aðrir þegar ofbeldi kemur upp á heimilum. Þar kom fram að oft var meiri áhersla lögð á að ræða við gerandann og/eða þolandann en þarfir barnanna voru ekki hafðar að leiðarljósi. Markmið þessa verkefnis var að undirstrika mikilvægi þess að ræða við börnin og gefa þeim tækifæri til að tjá sig eftir að ofbeldi hafði komið upp á heimilum þeirra. Að auki var áhersla lögð á að tryggja börnum viðeigandi meðferð þar sem unnið var með afleiðingar og einkenni þess að búa við heimilisofbeldi.

Reynsla undirritaðrar var sú að börnin voru þakklát fyrir þá athygli sem þau fengu og neitaði ekkert þeirra að ræða við sérfræðinginn í útköllum. Foreldrum sem var boðið upp á meðferðarviðtöl fyrir börn sín í útkalli þáðu það og var gefinn tími fyrir fyrsta meðferðarviðtal í kjölfarið. En foreldrar barna sem vísað var í greiningu og meðferð í gegnum starfsfólk barnaverndar þáðu síður þessa þjónustu. Strax frá upphafi var lögð áhersla á það við lögreglu að alltaf skyldi kalla til sérfræðing Barnaverndarstofu ef barn væri á heimilinu þegar um heimilisofbeldi væri að ræða. Ef um ungarbarn var að ræða eða barnið sofandi þá var talað við forsjáradila og aðstæður kannaðar. Það er mat undirritaðrar að þó þetta sé erfiður og viðkvæmur tími í lífi fólks þá er þarna einstakt tækifæri til að ná til foreldra, benda þeim á neikvæðar afleiðingar ofbeldis fyrir börn og bjóða viðeigandi aðstoð. Að mati undirritaðrar skipti miklu máli sá stutti tími sem leið frá aðkomu sérfræðings í útkalli og þangað til barn gat hafið meðferð.

Á tímabilinu náðist gott samstarf við lögreglu og starfsfólk barnaverndarnefnda. Einnig var gott samstarf við Kvennaathvarfið í Reykjavík sem fólst í ráðgjöf og upplýsingum um mál barna sem urðu vitni að heimilisofbeldi. Börn mæðra í athvarfinu fengu meðferð hjá

sérfræðingi Barnaverndarstofu í athvarfinu ef þess var óskað og málið var til vinnslu hjá barnaverndarnefnd. Samstarf við sérfræðinga verkefnisins „Karlur til ábyrgðar“ (KTÁ) reyndist gagnlegt og var samvinna í málum þar sem upplýst samþykki var til staðar.

Umræðu um nauðsyn þess að talað sé við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi verður að halda á lofti. Fagfólk sem kemur að heimilisofbeldi vill leysa málin og tryggja öryggi þeirra sem upplifa ofbeldið. Með þessum hætti er hægt á áhrifaríkan hátt að minna foreldra á afleiðingar heimilisofbeldis fyrir börn. Auk þess verður að tryggja að börn fái viðeigandi meðferð til að vinna úr reynslu sinni. Í ljósi þessa er mikilvægt að samstarf lögreglu og starfsfólks barnaverndarnefnda haldi áfram, auk samstarfs við Kvennaathvarfið og KTÁ.

Tillögur

Mælt er með því að áfram verði unnið markvisst að því að efla samstarf lögreglu og bakvaktar barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu, þannig að tryggt verði að starfsfólk bakvaktar fylgi lögreglu í öll útköll í þeim tilvikum sem börn verða vitni að heimilisofbeldi. Mikilvægt er að tryggja að það verklag sem komst á meðan tilraunaverkefnið var starfrækt, haldi áfram og þjóni sem best hagsmunum þessara barna. Niðurstöður verkefnisins undirstrika vanlíðan barna sem verða vitni að eða búa við heimilisofbeldi. Það er mikilvægt að þessi börn fái þjónustu og þörfum þeirra verði sinnt þegar lögregla er kölluð til á heimili þeirra. Nauðsynlegt er að fagaðili meti þörf barna fyrir áfallahjálp og fylgi málinu eftir. Enn fremur er mikilvægt að fjölskyldunni standi til boða ráðgjöf og stuðningur varðandi líf án ofbeldis þar sem hagsmunir barna eru hafðir að leiðarljósi.

Reykjavík 5. desember 2013

Ragna Björg Guðbrandsdóttir
félagsráðgjafi, MSW

Heimildaskrá:

Barnaverndarstofa. (2012). *Ársskýrsla 2008-2011. Hluti II*. Sótt 1. desember 2013 af <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur>

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010). *Heimilisofbeldi. Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn og Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu. Sótt 3. desember 2013 af <http://logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi%202006%20og%202007.pdf>

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánnum samböndum. Orsakir – Afleiðingar - Úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Neggess, Y., Goldenberg, R., Cliver, S. og Hauth, J. (2004), Effects of domestic violence on preterm birth and low birth weight. *Acta Obstetrica et Gynecologica Scandinavica*, 83: 455–460. doi: 10.1111/j.0001-6349.2004.00458.x

Overline, C. (2010). Abused women with children or children of abused women? A study of conflicting perspectives at women's refuges in Norway, *Child and Family Social Work*, June 2010.

Stanley, N., Miller, P., Richardson, H., Thomson, F&G, Britain. (2010). *Children and families experiencing domestic violence: Police and children's social services' responses*. Sótt 3. desember 2013 af https://www.nspcc.org.uk/Inform/research/Findings/children_experiencing_domestic_violence_summary_wdf68552.pdf

Walker, L. (1979). *The battered woman*. New York: Harper and Row Publishers Inc.